

Fundargerð 179. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 9. nóvember 2016
Fundartími: 15:00 – 18:55
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddvit
Margrét Jónsdóttir varaoddviti
Ágúst Ólafsson varamaður Svanhvítar Hermannsdóttur
Stefán Geirsson varamaður Sigurbáru Rúnarsdóttur
Jóhann Helgi Hlöðversson varamaður Rósu Matthíasdóttur
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta inn í lið 18 kynningarefni, samantekt Á.Ó. á rekstri félagsheimilanna í Flóahreppi s.l. 4 ár
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.
Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 119, dags. 13.10.2016

a) Urriðafoss 166392: Flóahreppur: 11 gistihús fyrir ferðaþjónustu: Deiliskipulag – 1610002

Lögð fram umsókn Einars Helga Haraldssonar og Haralds Einarssonar dags. 25. september 2016 um stofnun lóðar úr landi Urriðafoss og breytingar á skipulagi þannig að reisa megi allt að 11 gestahús til útleigu á tveimur byggingarreitum. Meðfylgjandi er deiliskipulagsuppráttur sem sýnir afmörkun lóðarinnar og byggingarreits rétt vestan við Urriðafoss í Þjórsá.

Að mati skipulagsnefndar samræmist tillagan ákvæðum gildandi aðalskipulags en telur að í ljósi nálægðar við Urriðafoss þurfi að gera betur grein fyrir ásýnd fyrirhugaðra bygginga á umhverfið. Afgreiðslu málsins frestað þar til ítarlegri gögn hafa borist.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Langholt 2 166249: Aukið byggingarmagn á lóð: Fyrirspurn – 1610005

Lögð fram fyrirspurn Ragnars Björgvinssonar dags. 4. október 2016 um hvort stækka megi bílskúr í Langholti 2 til suðausturs um allt að 50 fm. Fyrirhugað er að breyta húsinu og útbúa gístaðstöðu.

Þar sem gildandi deiliskipulag er í kærufarli hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála mælir skipulagsnefnd ekki með að gerð verði breyting á deiliskipulaginu fyrr en niðurstaða kærunnar liggur fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 16 – 39 – 1610001F, dags. 05.10.2016

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 05.10.2016.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 120, dags. 27.10.2016

a) Hnaus land 1 lnr 213872 og land 3 lnr 213874: Breytt afmörkun lóða – 1610033

Lögð fram umsókn Eflu verkfræðistofu dags. 20. október 2016 f.h. eigenda lóðanna Hnaus land 1 (lnr. 213872) og Hnaus land 3 (lnr. 213874) Óskað er eftir að lóðarmörk Hnaus land 3 stækki á kostnað Hnaus land 1.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytta afmörkun í samræmi við umsókn. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Urriðafoss 166392: 11 gistihús fyrir ferðaþjónustu: Deiliskipulag – 1610002

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi fyrir 11 gistihús til útleigu á tveimur byggingarreitum á svæði rétt vestan við Urriðafoss í Þjórsá. Nú kemur fram að mannvirkin verða sýnileg frá fossinum án þess þó að hafa áhrif á útsýni þar sem ferðamenn snúa baki í húsin. Þá er gert ráð fyrir lágstemmdri lýsingu, trjágróðri og öðrum aðgerðum til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 16 – 40 – 1610003F, dags. 19.10.2016

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 19.10.2016.

3. Erindi frá Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála

Lagt fram erindi frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem sveitarstjórn Flóahrepps er gefinn kostur á að senda inn frekari gögn vegna kæru Hreggviðs Hermannssonar á hendur sveitarstjórn Flóahrepps. Sveitarstjórn hefur afgreitt erindið rafrænt og óskað eftir því að lögfræðingur sveitarfélagsins svaraði erindinu fyrir hönd sveitarstjórnar. Meðfylgjandi er umrætt svar lögfræðings. Sveitarstjórn samþykkir að fela Óskari Sigurðssyni lögfræðingi að verja sveitarstjórn í málinu verði ekki fallist á frávísunarkröfu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Skólatún

Lagt fram minnisblað frá lögfræðingi sveitarfélagsins þar sem svarað er fyrirspurn sveitarstjórnar varðandi bótakröfu leigjenda í Skólatúni. Sjá fundargerð sveitarstjórnar nr 178. lið 2. a) Jóhann Helgi Hlöðversson víkur af fundi við afgreiðslu málsins. Niðurstaða lögfræðings er að sveitarfélagið beri ekki ábyrgð sem leigusali á meintu tjóni leigutaka og því ekki bótaskyld.

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar því þeirri kröfu sem sett var fram í tölvupósti Jóhanns Helga Hlöðverssonar dags. 30. september 2016 varðandi bætur úr hendi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn óskar því eftir því að leigutaki láti tæma húsnæðið í Skólatúni, og felur sveitarstjóra og umsjónarmanni fasteigna að auglýsa húsið til brottflutnings.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

5. Erindi frá Innanríkisráðuneytinu – Form og efni viðauka við fjárhagsáætlun

Erindi frá Innanríkisráðuneytinu, þar sem ítrekuð eru tilmæli til sveitarfélaga sem fram komu í bókun 178. fundar þá send frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um að teknar verði til umræðu verklagsreglur sveitarfélaga við gerð og afgreiðslu viðauka við fjárhagsáætlanir sbr. reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Í erindinu kemur fram að viðauki er ekki gildur nema hann feli í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildaútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans, sbr. 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku erindisins og vísar til bókunar í fundargerð 178. fundar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Umsögn sveitarstjórnar um drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald

Lögð fram til umfjöllunar drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Sveitarstjórn Flóahrepps telur nauðsynlegt að senda inn athugasemdir varðandi greinar nr. 5; búnaður gististaða, nr. 8; stærri gistiheimili, nr 13; heimagisting

90 daga regla nr. 38; 90 daga regla, og nr. 39; eftirlit með gististarfsemi. Sveitarstjóra falið að senda ábendingar/athugasemdir á grundvelli umræðna fundarins varðandi drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Tilboð í bókhaldsforrit fyrir Flóahrepp

Lögð fram tvö tilboð í bókhaldsforrit, innleiðingu og þjónustu frá Wise og DK hugbúnaði ehf.

Samþykkt að ganga að tilboði DK hugbúnaðar ehf og sveitarstjóra falið að ganga frá samningi á forsendum tilboðsins og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar. Kostnaði vísað til fjárhagsáætlanagerðar ársins 2017.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Viðaukar við fjárhagsáætlun ársins 2016 – Brunavarnir, vatnsveita, fjárfesting náms og starfsráðgjafi, skipulags- og byggingarfulltrúi

Umræður um þörf fyrir viðauka vegna Brunavarna, fjárfestingar vatnsveitu, náms- og starfsráðgjafa, embættis skipulags og byggingarfulltrúa launaliðar o.fl.

Viðaukinn verður lagður fyrir á desemberfundi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá oddvita – launakjör kjörinna fulltrúa og starfsmanna Flóahrepps

Laun kjörinna fulltrúa, nefndarmanna og fyrir önnur störf í þágu sveitarfélagsins sem ákveðið var á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 16. júní 2014 að tengdust þingfararkaupi, taki að þessu sinni ekki þeim breytingum sem Kjararáð er að leggja fram.

Út frá umræðu síðustu daga má búast við að ákvarðanir Kjararáðs verði endurskoðaðar og tekur sveitarstjórn því málið upp að nýju þegar eitthvað liggur fyrir.

Vísað til frekari úrvinnslu fyrir aðra umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2017.”

Bókun sveitarstjóra:

Undirrituð Sveitarstjóri Flóahrepps samþykkir að launahækkun í takt við ákvarðanir kjararáðs verði frestað þar til fyrir liggur hvort ákvarðanir kjararáðs verða endurskoðaðar.

Eydís Þ. Indriðdóttir

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

10. Reglur um hvatagreiðslur og styrki vegna æfinga og keppnisferða – endurskoðun

Lagðar fram reglur um hvatagreiðslur og reglur um styrki vegna æfinga og keppnisferða. Lagt til að breytingar verði gerðar á 2. grein reglna um hvatastyrki þar sem bætt verði inn möguleika á hvatagreiðslu vegna kaupa á sundkortum. Skoða þarf nánar möguleika á hvatastyrkjum vegna reiðnámskeiða eða annarra sambærilegra námskeiða Lagt er til að hvatagreiðslurnar verði hækkaðar úr 10.000 kr. í 15.000 kr pr önn eða í samtals 30.000 kr. pr. barn á ári fyrir árið 2017. Styrkir vegna æfinga og keppnisferða verði óbreyttir. Breyttar reglur um hvatastyrki verða lagðar fyrir sveitarstjórnarfund í janúar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Samstarfssamningur Ungmennafélagsins Þjótanda og Flóahrepps – drög

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli Flóahrepps og Ungmennafélagsins Þjótanda. Sveitarstjórn samþykkir samninginn með þeirri breytingu að í 3. grein fellur orðið „félaganna“ út og í stað þess kemur „félagsins“. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Gjaldskrá félagsheimilanna í Flóahreppi – endurskoðun

Lögð fram gjaldskrá Félagsheimilanna í Flóahreppi. Ákvörðun um breytingar frestað og ákveðið að kalla eftir skjali sem unnið var af rekstrarstjórn félagsheimilanna varðandi

endurskoðun gjaldskrárinnar fyrir árið 2016. Unnið verði að breytingum á gjaldskrá með það til hliðsjónar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Erindi frá Stígamótum – ósk um fjárframlag til reksrar

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum 50.000 kr. framlag til starfsemi Stígamóta

14. Erindi frá Hestamannafélaginu Sleipni – reiðvegir

Lagt fram erindi frá Einari Hermundssyni f.h. Hestamannafélagsins Sleipnis þar sem óskað er eftir styrk frá Flóahreppi til reiðvegagerðar. Erindinu fylgir yfirlit yfir nýtingu á styrkfé ársins 2016.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í erindið en vísar ákvörðun um styrkuppþæð til áframhaldandi vinnu við fjárhagsáætlun 2017 – 2020.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Húsaleigubætur – breytingar á fyrirkomulagi

Umsýsla húsaleigubóta hefur verið færð til félagsmálaráðuneytis og vinnumálastofnunar utan sérstakra húsaleigubóta. Forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu vinnur nú að samræmdum reglum fyrir sveitarfélögin á starfssvæðinu um úthlutun sérstakra húsaleigubóta. Samræmdar reglur verða lagðar fyrir næsta fund sveitastjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Erindisbréf menningarnefndar Flóahrepps – drög

Lögð fram drög að erindisbréfi fyrir nýja menningarnefnd í Flóahreppi. Nefndinni er ætlað að leysa hluta af þeim verkefnum sem hafa verið á hendi Rekstrarstjórnar félagsheimilanna sem ákveðið var á síðasta fundi að leggja niður í samræmi við tilmæli í fundargerð rekstrarstjórnar.

Breyting verði gerð á 6. grein þannig að gert verði ráð ráð fyrir allt að 8 fundum á ári. Erindisbréfið samþykkt að öðru leyti með 5 atkvæðum.

17. Álagningarprósenter og gjaldskrár – síðari umræða

Útsvar:

Lögð fram tillaga um að álagningarprósenta útsvars fyrir árið 2017 verði **14,52 %**.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fasteignagjöld:

Lögð fram tillaga um álagningarprósentu fasteignagjalda fyrir árið 2017:

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c-flokkur 1,65% af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Samþykkt með 5 atkvæðum

Gjaldskrá sorphirðu:

Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá sorphirðu fyrir árið 2017:

240 l tunna	15.370 kr
660 l kar	42.296 kr

1100 l kar	70.397 kr
Sorpeyðing	
Íbúðir	14.652 kr
Sumarhús	14.652 kr
Atvinnur. iðnaðarhverfi	31.970 kr
Atvinnur. lögbýli	17.317 kr
Seyrulosun pr. ár.	9.120 kr

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Gjaldskrá Vatnsveitu Flóahrepps:

Lögð fram tillaga að eftirfarandi breytingum á gjaldskrá Vatnsveitu fyrir árið 2017:

Tillaga um að tengigjöld hækki um 5 % frá gjaldskrá ársins 2016.

Að álagningarprósenta vatnsgjalds verði 0,2 % af fasteignamati og að

lágmarksálagning á íbúðarhús verði 19.800 kr og hámarksálagning 39.000 kr.

Eitt gjald verði innheimt af sumarhúsum 33.000 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Gjalddagareglur fasteignagjalda:

Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjalddagareglum fasteignagjalda og fyrirkomulagi á innheimtu:

Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnssgjald og lóðaleiga, hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars. Greiðslur sem

eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí.

Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí,

1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Álagningaseðlar verða prentaðir og sendir út til allra eins og verið hefur.

Innheimtuseðlar verða sendir til allra fyrirtæka og en ekki annarra nema sérstaklega sé

óskað eftir því. Mikilvægt er að það komi fram í skýringartexta á álagningaseðli að

sérstaklega þarf að óska eftir útprentuðum greiðsluseðlum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Fjárhagsáætlun 2017 – 2020 – fyrri umræða

Lögð fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun 2017 – 2020 fyrir Flóahrepp.

Töluverðar umræður voru um einstaka liði áætlunarinnar. Fjárhagsáætlun fyrir Flóahrepp 2017 - 2020 vísað til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

19. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 178, dags. 12.10.2016

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Æskulýðs og tómsfundanefndar Flóahrepps nr. 30, dags. 24.10.2016

Ákvörðun um breytingar á samþykktum frestað en óskað er eftir fundi með

Æskulýðsnefndinni til þess að fara sameiginlega yfir samþykktirnar.

Í fundargerðinni er gerð tillaga um að endurgreiðslu vegna sundkorta verði bætt inní rétt til hvatagreiðslna. Sveitarstjórn hefur samþykkt þá tillögu, sjá bókun í 10.

lið hér fyrir framan. Einnig er lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 þar sem

óskað er eftir viðbótarframlagi vegna aukningar á starfshlutfalli á opnu húsi

félagsmiðstöðvarinnar. Sveitarstjórn ræddi hvort kannaður hafi verið sá möguleiki

að foreldrar skipti með sér verkum við að aðstoða umsjónarmann félagsmiðstöðvarinnar. Ákvörðun um skipun í ungmennaráð frestað. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) **Stjórnar skipulags- og byggingarfulltrúa bs. nr. 39, dags. 27.10. 2016**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) **NOS dags. 11.10.2016**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna dags. 18.10.2016**
Liður nr. 2 ársreikningur ársins 2015 – samþykktur með 5 atkvæðum.
Liður nr. 3 fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 – samþykktur með 5 atkvæðum.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- f) **Stjórnar SASS nr. 513. dags. 19.10.2016**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 23.09.2016**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr 843, dags. 28.10.2016**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

20. Efni til kynningar:

- a) **Minnispunktur fundar með verktökum í vatnsveitu – staða mála**
- b) **Fjárhagsáætlun námsráðgjafa**
- c) **Erindi frá Þjóðskrá - Skýrsla um fasteignamat 2017**
- d) **Minnispunktur fundar samstarfshóps á vegum innanríkisráðuneytis um flugsamgöngur og Isavia**
- e) **Frá Skipulagsstofnun - útgáfa landsskipulagsstefnu**
- f) **Ályktanir fulltrúafundar Landssamtakanna Þroskahjálpar 2016**
- g) **Svar frá Viðlagatryggingu við beiðni um endurmat tjónamats**
- h) **Frá Brú lífeyrissjóði – tilkynning um hækkun mótframlags launagreiðenda í A deild Brúar lífeyrissjóðs**
- i) **Frá Vegagerð ríkisins – Niðurfelling Merkurheimavegar nr. 3235 af vegaskrá**
- j) **Frá Vegagerð ríkisins – Niðurfelling hluta Skálarimavegar nr. 3030 af vegaskrá**
- k) **Frá Innanríkisráðuneytinu – greiðslur til sveitarfélaga vegna alþingiskosninga**
- l) **Frá ráðgjafateymi Uppbyggingarsjóðs Suðurlands – úthlutunarreglur og ráðgjöf**

21. Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn 14. desember klukkan 15:00.

Árni Eiríksson
Margrét Jónsdóttir
Ágúst Ólafsson
Stefán Geirsson
Jóhann Helgi Hlöðversson
Eydís Þ. Indriðadóttir